

Einelti og samskipti við fjölskyldu og vini meðal 6., 8. og 10. bekkinga

Ársæll M. Arnarsson og Þóroddur Bjarnason
Háskólanum á Akureyri

Markmið þessarar rannsóknar var að nota gögn úr HBSC-rannsókninni (*Health Behaviours in School-Aged Children*) til að greina nákvæmlega algengi eineltis meðal drengja og stúlkna í 6., 8. og 10. bekk á Íslandi. Þá voru tengsl eineltis og samskipta barnanna við fjölskyldu og vini skoðuð. Þessi rannsókn er byggð á gögnum sem safnað var í íslenskum hluta HBSC-rannsóknarinnar á heilsu og lífshæðum skólabarna. Staðlaðir spurningalistar voru lagðir fyrir alla nemendur í sjötta, áttunda og tíunda bekk í febrúar 2006. Svör fengust frá 11.813 eða 88,3% heildarþýðisins. 1.020 nemendur (8,8%) sögðust vera þolendur eineltis, gerendur eða hvorutveggja; 10,4% drengja en 5,7% stúlkna. Strákar eru líka mun oftar gerendur en stúlkur; 4,4% á móti 1,7%. Þolendum fækkar hlutfallslega frá 6. upp í 10. bekk, en gerendum fjölgar. Margir nemendur sem eru bæði gerendur og þolendur eiga engin samskipti við móður eða föður. Þolendur eineltis eru ólíklegri en aðrir til að eiga besta vin en gerendur eineltis eru líklegastir til þess. Samskipti við feður eru lakari meðal nemenda sem eru annaðhvort einungis þolendur eða einungis gerendur eineltis en þeir sem bæði eru þolendur og gerendur virðast eiga auðveldustu samskiptin við feður. Samskipti við stjúpfæður eru almennt lakari en samskipti við feður og hlutfallslega lökust hjá þolendum eineltis. Nemendur sem ekki upplifa einelti eru líklegri en aðrir til að vera í góðu sambandi við móður sína. Samskipti við stjúpmæður eru yfirleitt lakari en samskipti við líffræðilegar mæður. Sama mynstur sést þó í samskiptum við stjúpmæður, þannig að þeir sem ekki upplifa einelti eru í betri samskiptum við stjúpmæður sínar. Bæði þeir sem eru einungis þolendur og þeir sem eru hvorutveggja, þolendur og gerendur, eiga lakari tengsl en aðrir við besta vin. Niðurstöðum rannsókna okkar svipar mjög til annarra rannsókna á Íslandi. Einelti er ekki algengt hér miðað við önnur lönd. Strákar eru frekar bæði þolendur og gerendur í einelti en stúlkur. Þolendum fækkar hlutfallslega með aldri en gerendum fjölgar. Þeir sem ekki tengjast einelti eru mun líklegri til að eiga í góðum samskiptum við foreldra og vini en hinir. Þeir sem eru einungis gerendur eineltis eru almennt félagslega sterkir og eiga í góðum samskiptum við bæði fjölskyldu og vini.

Hagnýtt gildi: Í skólakerfi hefur verið lögð mikil áhersla á að uppræta einelti. Með rannsóknnum eins og þeirri sem hér er lýst gefst gott tækifæri til að meta stöðuna, árangurinn af inngripum og bera saman við önnur lönd. Þá gefst líka kostur á því að skoða þætti eins og fjölskyldugerð, kyn og aldur.

Einelti er alvarlegt vandamál í skólum víða um heim og á síðari árum hefur skilningur aukist á afleiðingum slíks ofbeldis til skemmri og lengri tíma fyrir þolendur þess (Currie o.fl., 2008). Í einelti felast endurteknar árásir í orðum eða gjörðum sem er ætlað að valda fórnarlambinu vanlíðan og fela í

sér valda ójafnvægi milli þolenda og gerenda (Pepler og Craig, 1995, 2000). Við þetta má bæta að eineltið er tilefnislaust og getur jafnt falið í sér líkamlega snertingu, grettur, ógnandi svipbrigði og viljandi útilokun frá hóp (Smith, Cowie, Olafsson og Liefoghe, 2002). Flest börn verða fyrir stríðni og áreitni einhvern

tímann á skólagöngu sinni. Hvað veldur því að sum börn verði fyrir miklu og langvinnu einelti er hins vegar ekki ljóst. Smith, Shu og Madsen (2001) telja líklegt að þessi börn falli af einhverjum ástæðum í vítahring lakari bjargháttá (*e. coping skills*), lélegs sjálfálits, veikari vinatengsla og aukinnar hættu á einelti. Bjarghættir fórnarlambanna eru háðir bæði ytri og innri þáttum. Til innri þátta teljast til dæmis greind, aldur, kyn og líkamsburðir. Innri þættir geta þannig tengst ýmsum persónueinkennum, en þeir eru oftast á einn eða annan hátt háðir fjölskyldunni, hvort heldur sem er í gegnum erfðir eða atlæti. Léleg samskipti við foreldra kunna að hafa neikvæð áhrif á bæði líkamlega og andlega heilsu barna og auka líkurnar á því að barn verði fyrir einelti (Rigby, 2002). Ytri þættir sem tengjast bjargháttum eru til að mynda vinir og kennarar. Í nýlegri hollenskri rannsókn (Fekkes, Pijperr og Verloove-Vanhorick, 2005) kom í ljós að nær helmingur nemenda sem verður fyrir einelti segir ekki kennurum sínum frá því og í þeim tilfellum sem það var gert gerðu kennararnir í flestum tilfellum ekkert.

Rannsóknir hafa sýnt að börn og unglingar sem verða fyrir einelti hafa gjarnan brotna sjálfmynd og eru oft einangruð og einmana (Nansel, Overpeck, Pille, Ruan, Simons-Morton og Scheidt, 2001; Olweus, 1994). Þeim hættir til að þjást af þunglyndi, kvíða og öðrum andlegum erfiðleikum og eru líklegri en önnur börn til vímuefnaneyslu og sjálfsvígstilrauna (Craig, 1998; Due o.fl., 2005; Molcho, Harel og Lash, 2004; Olweus, 1991). Börnum sem verða fyrir endurteknu einelti líður verr í skóla, þau eru oftar fjarverandi (Rigby og Slee, 1993), skila lakari vinnu (Hugh-Jones og Smith, 1999) og eiga erfiðara með einbeitingu (Sharp, 1995). Í rannsókn Björkquist, Ekman og Lagerspetz (1982) kom fram að þolendur eineltis telja sig bæði heimskari og minna aðlaðandi en önnur börn.

Þeim sem leggja aðra í einelti svipar að sumu leyti til fórnarlamba sinna, til dæmis hvað varðar léleg félagsleg tengsl, vanlíðan í skóla og aukna hættu á vímuefnaneyslu (Harel, 1999; Nansel o.fl., 2001; Volk, Craig, Boyce

og King, og fél., 2006). Þó er mikilvægt að hafa í huga að hér er um þrjá mismunandi hópa að ræða. Í fyrsta lagi eru þeir sem verða fyrir einelti en beita því ekki. Í öðru lagi eru þeir sem leggja aðra í einelti en verða ekki fyrir slíku sjálfir. Í þriðja lagi er hópur skólanema sem bæði leggja aðra í einelti og verða fyrir slíku sjálfir. Gera þarf skýran greinarmun á félagslegum og sálfræðilegum þáttum sem hafa áhrif á einelti í þessum þremur hópum.

Útbreiðsla eineltis meðal ellefu til fimmtán ára nemenda á Íslandi er með því minnsta sem gerist á Vesturlöndum (Currie o.fl., 2008). Af 39 löndum og svæðum sem tóku þátt í alþjóðlegu samanburðarrannsókninni *Health Behaviours in School-Aged Children* (HBSC, 2009) eru ellefu ára nemendur á Íslandi í 35. sæti en þrettán ára íslenskir nemendur í 37. sæti hvað varðar hlutfall þeirra sem orðið hafa fyrir einelti að minnsta kosti tvisvar á undanförunum mánuðum. Hér á landi verða 7% ellefu ára nemenda og 5% þrettán ára nemenda fyrir einelti en lægst er það hlutfall 4% í báðum aldurshópum í Svíþjóð. Meðal ellefu ára nemenda er hlutfallið hæst 34% í Tyrklandi en í hópi þrettán ára nemenda er Litháen með hæsta hlutfallið eða 29%. Einelti meðal 15 ára nemenda er fátíðast á Íslandi, 3%, en algengast í Búlgaríu, 24%.

HBSC-rannsóknin gerir kleift að bera niðurstöður hérlandis saman við sambærilegar upplýsingar frá öðrum þátttökulöndum vegna þess að innihald, hönnun og fyrirlögn spurningalistanna er staðlað. Markmið þessarar rannsóknar var að nota gögnin frá HBSC til nákvæmrar greiningar á algengi eineltis meðal drengja og stúlkna í 6., 8. og 10. bekk á Íslandi og að skoða tengsl þess og samskipta við fjölskyldu og vini. Rannsóknir benda til þess að sterk tengsl við foreldra (Olweus, 1993b; Rigby, 1993, 2002) og vini (Boulton og Smith, 1994; Boulton, Trueman, Chau, Whitehand og Amatya, 1999; Hodges, Malone og Perry, 1997) geti dregið úr einelti og neikvæðum afleiðingum þess. Í þessari rannsókn er kafað dýpra í sambandið milli félagslegra tengsla og eineltis með því að taka tillit til þess hvort

börnin eigi yfirhöfuð besta vin og hversu góð tengslin eru við þann vin. Með sama hætti er skoðað hvort börnin eigi að líffræðilegan föður og líffræðilega móður og hversu góð tengslin við þau eru. Þá er litið sérstaklega til stöðu stjúpfjölskyldna og tengsla barna í slíkum fjölskyldum við stjúpmóður eða stjúpföður. Gerður er skýr greinarmunur á því hvort viðkomandi einstaklingar tengist eineltismálum sem þolendur, gerendur eða hvorutvegga í senn, en erlendar rannsóknir benda til þess að síðastnefndi hópurinn kunni að vera sérstaklega viðkvæmur (Kumpulainen o.fl., 1998; Nansel o.fl., 2001; Schwartz, Proctor og Chien, 2001; Wolke, Woods, Bloomfield og Karstadt, 2001).

Aðferð

Þessi rannsókn er byggð á gögnum sem safnað var í íslenskum hluta HBSC-rannsóknarinnar á heilsu og lífshjúrum skólarnum. Staðlaðir spurningalista voru lagðir fyrir alla nemendur í sjötta, áttunda og tíunda bekk sem mættir voru í skólann á fyrirlagnardaginn, 1. febrúar 2006. Af 13.384 nemendum á Íslandi fengust svör frá 11.813 eða 88,3% heildarþýðisins.

Reynsla nemenda af einelti var mæld með eftirfarandi spurningum: „Hversu oft hefur þú verið lagður/lögð í einelti í skólanum undanfarna mánuði?“ og „Hversu oft hefur þú tekið þátt í

að leggja annan nemanda í einelti í skólanum á undanförunum mánuðum?“ Svarmöguleikarnir voru: 1) „Ég hef ekki verið lagður/lögð í einelti undanfarna mánuði“ eða „Ég hef ekki lagt annan nemanda í einelti undanfarna mánuði“, 2) „Það hefur aðeins komið fyrir einu sinni eða tvisvar“, 3) „2 eða 3 sinnum í mánuði“, 4) „Um það bil einu sinni í viku“ og 5) „Nokkrum sinnum í viku“. Í samræmi við réttmætisrannsóknir (Solberg og Olweus, 2003) var svarið „2 eða 3 sinnum í mánuði“ valið sem neðri mörk skilgreiningarinnar á einelti. Svarendum var síðan skipt í fjóra hópa eftir svörum sínum: a) Hvorki gerendur né þolendur (sem hvorki höfðu orðið fyrir einelti né tekið þátt í að leggja samnemanda í einelti), b) Einungis þolendur (sem höfðu orðið fyrir einelti en ekki tekið þátt í að leggja aðra í einelti), c) Einungis gerendur (sem höfðu lagt aðra í einelti en ekki orðið fyrir því sjálfir) og d) Bæði gerendur og þolendur (sem bæði höfðu orðið fyrir og lagt aðra í einelti). Þeir 248 nemendur (2,1%) sem ekki svörðuðu spurningum um einelti voru ekki hafðir með í tölfræðilegri greiningu, þannig að unnið var úr upplýsingum frá 11.565 einstaklingum.

Samskipti við foreldra og vini voru metin með spurningu (King, Wold, Smith og Harel, 1996; Currie Samdal, Boyce og Smith, 2001) þar sem nemandinn var beðinn um að merkja við hversu auðvelt væri að tala við móður,

1. tafla. Algengi eineltis meðal 6., 8. og 10. bekkinga á Íslandi, prósentur (fjöldi)

	Ekki einelti % (n)	Þolendur % (n)	Gerendur % (n)	Bæði % (n)
Heild (N=11.565)	91,2 (10.545)	4,2 (491)	3,6 (422)	0,9 (107)
Strákar (n=5.698)	89,6 (5.103)	4,6 (263)	4,4 (252)	1,4 (80)
6. bekk	89,0 (1.659)	5,9 (110)	3,0 (55)	2,1 (39)
8. bekk	89,1 (1.688)	5,1 (97)	4,6 (87)	1,2 (22)
10. bekk	90,7 (1.720)	2,8 (54)	5,6 (106)	0,9 (17)
Stelpur (n=5.574)	94,3 (5.256)	3,7 (204)	1,7 (95)	0,3 (19)
6. bekk	93,0 (1.659)	5,0 (91)	1,5 (27)	0,5 (10)
8. bekk	94,6 (1.746)	4,2 (77)	1,0 (19)	0,2 (4)
10. bekk	95,4 (1.804)	1,9 (35)	2,5 (47)	0,3 (5)

2. tafla. Tengsl eineltis við hlutfall nemenda sem eiga ekki eða hitta ekki foreldra eða besta vin

	Ekkert einelti % (n)	Þolendur % (n)	Gerendur % (n)	Bæði % (n)
Á ekki/Hittir ekki				
Föður	3,2 (268)	3,4 (14)	4,6 (11)	11,0 (9)
Móður	1,2 (101)	2,2 (9)	2,1 (5)	8,6 (7)
Besta vin	2,4 (196)	12,0 (46)	1,3 (3)	9,3 (7)

föður, stjúpmóður, stjúpföður eða besta vin um það sem ylli þeim áhyggjum (1: Mjög auðvelt; 4: Mjög erfitt).

Niðurstöður

Í 1. töflu er sýnt algengi eineltis í úrtakinu, sem flokkað er eftir kyni og aldri. Af 11.565 sem tóku afstöðu til spurninga um einelti sögðust 1.020 (8,8%) vera þolendur, gerendur eða hvorutveggja samkvæmt skilgreiningu Solberg og Olweus (2003). Alls tengjast 10,4% drengja einelti en 5,7% stúlkna. Strákar eru líka mun oftast gerendur en stúlkur; 4,4% á móti 1,7%. Sjá má greinilega breytingu á formi eineltisins með hækkunum aldri. Þannig fækkar þolendum hlutfallslega frá 6. upp í 10. bekk, en gerendum fjölgar.

Þegar horft er til þeirra einstaklinga sem oftast verða fyrir einelti kemur í ljós að 139 nemendur (1,2%) segjast vera lagðir í einelti um það bil einu sinni í viku hverri. Strákar eru fleiri í þessum hóp en stelpur; 1,6% (89) á móti 0,9% (50). Sömuleiðis er þetta algengara meðal yngri hópsins, þar sem 1,6% (60) sjöttu bekkinga verða fyrir einelti einu sinni í viku, en 0,6% (23) tíundu bekkinga.

Í þeim hóp sem verður fyrir einelti nokkrum sinnum í viku eru 176 einstaklingar (1,6%). Aftur eru strákarnir fleiri, eða 1,9% (108) á móti 1,2% (67) stelpna. Svo títt einelti er tvöfalt algengara meðal sjöttu bekkinga (2,0%, n=74) en tíundu bekkinga (1,0%, n=39).

Í 2. töflu er sýnt hlutfall þeirra nemenda sem eiga ekki eða hitta ekki foreldra eða besta vin. Nokkuð afgerandi munur er á þeim sem eru bæði gerendur og þolendur og öðrum þegar horft er til þess hverjir eiga engin samskipti

við móður eða föður. Þannig eru 11% þessara barna ekki í neinu sambandi við föður sinn samanborið við 3–5% hinna. Munurinn er ekki síðri þegar horft er til hlutfalls þeirra sem eiga ekki nein samskipti við móður, en það á við um tæp 9% þeirra sem eru bæði þolendur og gerendur eineltis en 1–2% annarra nemenda.

Þegar hlutfall þeirra nemenda sem ekki telja sig eiga besta vin er skoðað í 2. töflu kemur einnig fram nokkuð afgerandi munur milli hópanna. Þeir sem verða fyrir einelti eiga mun síður besta vin, hvort heldur sem þeir eru einungis þolendur eða líka gerendur. Þá er ekki síður athyglivert að gerendur eineltis eru í raun líklegastir til að eiga besta vin.

Í 3. töflu eru sýnd tengsl eineltis við það hversu auðvelt nemendurnir telja sig eiga með að tala við fjölskyldu og vini. Hafi nemendur á annað borð samskipti við föður virðast þau samskipti lakari meðal nemenda sem eru annaðhvort einungis þolendur eða einungis gerendur eineltis. Það kemur hins vegar nokkuð á óvart að þeir sem bæði eru þolendur og gerendur virðast eiga auðveldustu samskiptin við feður ef þeir eru á annað borð til staðar. Stúlkur mátu samskipti sín við feður almennt lakari en strákar, en það mynstur var jafnt dreift yfir alla eineltishópana.

Af 3. töflu má sjá að samskipti við stjúpföður eru almennt talsvert lakari en samskipti við feður. Meðal þeirra nemenda sem eiga stjúpföður er gæðum samskipta við þá nokkuð jafnt skipt. Um helmingur þeirra nemenda telur sig eiga mjög erfið eða erfið samskipti við stjúpföður og helmingur á auðveld eða mjög auðveld samskipti. Hins vegar er áhugavert að sjá að þolendur eineltis eru eini hópurinn

3. tafla. Tengsl eineltis og sambands við foreldra og vini

	Ekkert einelti % (n)	Þolendur % (n)	Gerendur % (n)	Bæði % (n)
Samskipti við föður				
Mjög auðveld/Auðveld	74,4 (6.061)	59,9 (240)	65,7 (151)	79,5 (58)
Erfið/Mjög erfið	25,6 (2.085)	40,1 (161)	34,3 (79)	20,5 (15)
Samskipti við stjúpföður				
Mjög auðveld/Auðveld	54,2 (816)	44,7 (38)	53,5 (38)	52,2 (12)
Erfið/Mjög erfið	45,8 (690)	55,3 (47)	46,5 (33)	47,8 (11)
Samskipti við móður				
Mjög auðveld/Auðveld	86,6 (7.198)	74,3 (301)	72,7 (173)	78,4 (58)
Erfið/Mjög erfið	13,4 (1.117)	25,7 (104)	27,3 (65)	21,6 (16)
Samskipti við stjúpmóður				
Mjög auðveld/Auðveld	54,3 (713)	42,7 (32)	45,3 (24)	36,8 (7)
Erfið/Mjög erfið	45,7 (599)	57,3 (43)	54,7 (29)	63,2 (12)
Samskipti við besta vin				
Mjög auðveld/Auðveld	83,3 (6.587)	69,3 (233)	79,7 (184)	70,6 (48)
Erfið/Mjög erfið	16,7 (1.317)	30,7 (103)	20,3 (47)	29,4 (20)

þar sem hlutfallslega fleiri telja samskiptin við stjúpföður vera erfið. Í hinum hópunum eru fleiri sem telja þau auðveld eða mjög auðveld. Stúlkur sem voru þolendur eineltis voru langlíklegastar til að meta samskipti sín við stjúpföður erfið eða mjög erfið (64,9%) en stelpur sem voru gerendur eineltis voru líklegastar til að meta samskipti sín við stjúpföður auðveld eða mjög auðveld (57,9%). Ekki var hægt að greina slíkt mynstur hjá drengjum.

Augljóst er af 3. töflu að þeir nemendur sem ekki upplifa einelti eru líklegri en aðrir til að vera í góðu sambandi við móður sína. Þegar skoðaður var munur milli kynjanna kom í ljós að stúlkur sem eru gerendur í einelti eru líklegri en aðrar til að meta samskipti sín við móður erfið eða mjög erfið (39,2%). Samskipti við stjúpmæður eru almennt lakari en samskipti við líffræðilegar mæður. Sama mynstur sést þó í samskiptum við stjúpmæður, þannig að þeir sem ekki upplifa einelti eiga betri samskipti við stjúpmæður sínar, sé þeim á

annað borð til að dreifa. Einnig meta stúlkur sem eru gerendur eineltis samskipti sín við stjúpmæður mun frekar erfið eða mjög erfið (80,0%).

Samskipti við besta vin eru fyrirsjáanlega tengd því að verða fyrir einelti. Bæði þeir sem eru eingöngu þolendur en einnig þeir sem eru í senn þolendur og gerendur eiga lakari tengsl við besta vin en aðrir. Um 70% þeirra telja samskipti sín við besta vin auðveld eða mjög auðveld. Samsvarandi tala fyrir þá nemendur sem upplifa ekki einelti er um 80%. Athyglisvert er að gerendur eineltis meta einnig samskipti sín við besta vin afar jákvæð.

Umræða

Niðurstöður okkar sýna að 8,8% nemenda eru þolendur eineltis, gerendur eða hvorutveggja, samkvæmt skilgreiningu Solbergs og Olweus (2003). Drengir eru nær tvöfalt líklegri en stúlkur til að tengjast einelti. Með hækkandi aldri fækkar þolendum en gerendum fjölgar. Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála

birti fyrir áratug rannsókn á umfangi og eðli eineltis á Íslandi (Ragnar F. Ólafsson, Ragnar P. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson, 1999), með þátttöku rétt tæplega 1800 grunnskólanemenda í 5., 7. og 9. bekk. Helstu niðurstöður voru þær að 13,4% nemenda í 5. bekk sögðust stundum eða oftara hafa verið lagðir í einelti. Hlutfall þolenda lækkaði með aldri þannig að í 7. bekk sögðust 6,9% nemenda hafa verið lagðir í einelti en 3,3% nemenda í 9. bekk. Hlutfall gerenda hækkaði hinsvegar. Þannig sögðust 4,6% nemenda í 5. bekk hafa stundum eða oftara lagt aðra í einelti en 5,6% nemenda í 9. bekk. Mismunandi skilgreiningar torvelða samanburð á þessum tveimur rannsóknnum, en breytingin með aldri og mismunur milli kynja er sambærilegur. Á Íslandi hefur um árabíl verið unnið gegn einelti með skipulegum hætti á vegum hins svonefnda Olweusarverkefnis (Gegn einelti, 2009). Í könnun vegna Olweusarverkefnisins frá 2005 kom í ljós að 4% stelpna og 5% stráka í 8.–10. bekk höfðu orðið fyrir einelti, sem var 25% minnkun frá sambærilegri könnun frá árinu 2002 (www.olweus.is/kannanir.cfm). Þá kom einnig fram að eldri nemendur verða fyrir minna einelti en þeir yngri. Þessar niðurstöður eru fullkomlega í samræmi við rannsókn okkar, sem skerpir enn frekar á þeim með samanburði við stöðu mála í öðrum löndum. Þótt stöðluðum, alþjóðlegum spurningalistum fylgi margvísleg vandamál sem tengjast tungumáli og menningarbundnum normum er alþjóðlegur samanburður lykkillinn að því að takast á við vandamál á borð við einelti með skipulögðum hætti. Það er því afar mikilvægt að hugtakalegt réttmæti sé til staðar í slíkum rannsóknnum þannig að samanburðurinn sé gerður á traustum grunni. Slíkur samanburður á þýðingum hugtaka er fráleitt blátt áfram. Í alþjóðlegri samanburðarrannsókn á þýðingu og réttmæti hugtaksins „bullying“ kom fram að íslenska þýðingin „einelti“ er ágætlega nákvæm (Smith o.fl., 2002).

Greining á bæði reynslu og hugtakaréttmæti hefur sýnt að það er bæði gagnlegt og réttlætlanlegt að skilgreina „2 eða 3 sinnum í mánuði“ sem lægri mörk til að meta algengi

eineltis (Solberg og Olweus, 2003). Sama rannsókn sýndi að þolendur eineltis sem þannig voru skilgreindir sýndu sterk tengsl við mælingar á neikvæðu sjálfsmati (*e. negative self-evaluation*), félagslegri sundrun (*e. social disintegration*) og tilhneigingu til þunglyndis (*e. depressive tendencies*). Einnig kom fram að gerendur eineltis höfðu marktækt hærri skor á kvörðum sem mældu almenna ýgi (*e. general aggression*) og andfélagslega hegðun (*e. antisocial behavior*).

Í rannsókn okkar er nokkur munur á þeim börnum sem eiga ekki foreldra eða hitta þá ekki þegar kemur að einelti. Mun fleiri börn sem eru bæði gerendur og þolendur eineltis tilheyra þessum hóp en ekki er munur á hlutfalli slíkrar fjarveru foreldra meðal þeirra sem eru einungis þolendur eða einungis gerendur eineltis. Þetta bendir til þess að nemendur sem eru bæði gerendur og þolendur eineltis séu sérstakur hópur sem gefa þurfi nánari gaum, einkum með tilliti til þess álags sem fjarvera foreldris getur valdið. Þó að bæði þolendur og gerendur eineltis séu iðulega tengdir neikvæðri útkomu í rannsóknnum er því haldið fram í fjölda erlendra rannsókna að þeim börnum sem eru bæði þolendur og gerendur sé hættast við sálfræðilegum, félagslegum og námslegum vandamálum (Kumpulainen o.fl., 1998; Nansel o.fl., 2001; Schwartz o.fl., 2001; Wolke o.fl., 2001).

Sé samskiptum við feður á annað borð til að dreifa virðast þau vera lakari meðal barna sem eru annaðhvort einungis þolendur eða einungis gerendur eineltis. Það kemur hinsvegar nokkuð á óvart að þótt þeir sem bæði eru þolendur og gerendur séu líklegri en aðrir til að hafa engin samskipti við feður virðast slík samskipti vera sérstaklega góð ef þau eiga sér stað á annað borð. Mögulega er þessi hópur, sem á í flóknum og erfiðum samskiptum við skólafélaga sína, líklegri til að slíta með öllu léleg tengsl við fjarverandi föður. Einnig er hugsanlegt að feður séu líklegri til að hvetja börn sín til að svara einelti í sömu mynt og því séu börn í góðum tengslum við feður sína líklegri til að vera bæði þolendur og gerendur. Um 18%

nemenda sem verða fyrir einelti í rannsókn okkar segjast einnig leggja aðra í einelti. Þetta er talsvert hærra hlutfall en í öðrum rannsóknum (Ross, 1996). Hegðun þessara barna, sem bæði eru þolendur og gerendur, veldur oft spennu og pirringi umhverfis þau (Olweus, 1993a; Schwartz o.fl., 2001). Þau sýna oft takmarkaða félagslega aðlögun (Nansel o.fl., 2001) og verða oft fyrir höfnun annarra barna (Warden og Mackinnon, 2003). Þess utan hafa þau tilhneigingu til að vera mjög ýg og sýna frávik eða skort á skilningi í félagslegum aðstæðum. Þau eiga oftast við hegðunarvandamál að stríða og taugaproskaraskanir eins og athyglisbrest með ofvirkni (*Attention-Deficit/Hyperactivity Disorder – ADHD*) og námsörðugleika. Rannsókn á börnum sem tóku lyf við athyglisbresti með ofvirkni leiddi í ljós að þessi börn voru mun líklegri en önnur til að vera bæði gerendur og þolendur eineltis (Unnever og Cornell, 2003). Þörf er á frekari rannsóknum til að skýra orsakir þessa flókna mynsturs.

Þau börn sem áttu stjúpföreltra máttu gæði samskipta við þau mun verri en börn máttu samskipti sín við foreldra. Hjá þolendum eineltis voru hlutfallslega fleiri sem máttu samskiptin við stjúpföður erfið en auðveld. Í hinum hópunum eru fleiri sem telja þau auðveld eða mjög auðveld. Samskipti við bæði mæður og stjúpmæður voru best hjá þeim sem ekki upplifa einelti. Þau gögn sem hér er byggt á geta ekki skorið úr um orsakasamband þessa mynsturs. Góð samskipti við foreldra og stjúpföreltra kunna að veita börnum ákveðna vörn gegn einelti, hugsanlega vegna þess að góð tengsl við foreldra geta þýtt auðveldari aðgang að traustum bandamönnum og góðum ráðgjöfum þegar einelti kemur fyrst upp. Hins vegar getur einelti einnig reynt mjög á samband foreldra og barna og þeir sem upplifa einelti geta upplifað foreldra sína sem vanmáttuga gagnvart vandamálinu og því metið tengsl sín við þau lakari.

Sú skoðun hefur verið sett fram að feður sem eru til staðar bæði líkamlega og tilfinningalega séu mikilvæg fyrirmynd sona sinna og kenni

þeim samskipti við aðra karla, ákveðni og hvernig eigi að verja sig gegn einelti (Rigby, 2002). Olweus (1993b) komst að þeirri niðurstöðu að karlkyns þolendur eineltis væru líklegri en aðrir til að eiga ofverndandi móður og fjarlægga og gagnrýninn föður. Rigby (1993) sýndi fram á að drengir sem yrðu fyrir einelti mætu samskipti sín við föður lakari en við móður en stúlkur sem yrðu fyrir einelti mætu samskipti sín við móður lakari. Þó að ekki sé hægt að draga eindregnar ályktanir út frá niðurstöðum okkar er ljóst að samskipti við föður eru best meðal þeirra barna sem tengjast á engan hátt einelti og þeirra sem bæði þola og beita einelti. Niðurstöður okkar virðast ekki styðja sérstaklega þá hugmynd að drengir sem verða fyrir einelti séu í lakara sambandi við feður sína en stúlkur í sömu sporum. Hvað stúlkurnar varðar sýna gögn okkar að gerendur en ekki þolendur meta samskipti sín við bæði mæður og stjúpmæður mun frekar erfið eða mjög erfið. Einnig kemur í ljós að stúlkur sem voru þolendur eineltis voru langlíklegastar til að meta samskipti sín við stjúpföður erfið eða mjög erfið (64,9%), en stelpur sem voru gerendur eineltis voru líklegastar til að meta samskipti sín við stjúpföður auðveld eða mjög auðveld (57,9%). Þar er á ferðinni myndur sem vert væri að skoða frekar.

Rannsóknir hafa sýnt að vinátta og einelti tengjast sterklega. Þannig hafa sumir gengið svo langt að telja þrjá þætti vinatengsla beinlínis geta varið börn fyrir einelti eða a.m.k. dregið úr afleiðingum þess. Þessir þættir eru fjöldi vina, félagsleg staða vinanna og staða barnsins innan vinahópsins (Boulton og Smith, 1994; Hodges o.fl., 1997). Boulton og félagar (1999) vildu einnig meina að það að eiga trúnaðarvin gæti verið verndandi gegn einelti. Þótt ómögulegt sé að draga ályktanir um orsakasambönd út frá rannsókn eins og okkar er alveg ljóst að þolendur eineltis, hvort sem þeir eru einnig gerendur eður ei, eru mun ólíklegri en aðrir til að eiga besta vin og ef þeir eiga slíkan að er vináttan lakari en meðal annarra barna. Hinsvegar er athyglisvert að sjá að gerendur eineltis eru líklegastir til að

eiga besta vin. Að hluta til gengur þetta gegn þeirri hugmynd að bæði gerendur og þolendur eineltis eigi félagslega undir högg að sækja. Raunar verður ekki annað lesið úr niðurstöðum okkar en að þeir sem eru einungis gerendur eineltis séu félagslega sterkir og eigi ágæt samskipti við bæði fjölskyldu og vini. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að börn og unglingar sem leggja aðra í einelti eru líklegri til að sýna af sér aðrar tegundir ofbeldishegðunar í æsku (Nansel, Overpeck, Haynie, Ruan og Scheidt, 2003) og þeir eru einnig líklegri til þess að gerast síðar meir sekir um kynferðislega áreitni og heimilisofbeldi gegn maka, börnum og öldruðum (Pepler, Craig og Connolly, 1997). Erlendar rannsóknir sýna að um 60% drengja sem eru gerendur í 6.–9. bekk eru komnir með a.m.k. einn dóm á bakið þegar þeir ná 24 ára aldri (Olweus, 1989). Frekari rannsóknar er því þörf á þeim slóðum sem virðast geta legið frá sterkri félagslegri stöðu og einelti gagnvart jafnöldrum í æsku til ofbeldis og yfirgangs á fullorðinsárum.

Rannsóknir hafa sýnt að þau börn sem verða ítreakað fyrir einelti eru mun líklegri en önnur til að þróa með sér ýmiss konar sálfræðilega kvilla, svo sem þunglyndi, einmanaleika og jafnvel sjálfsvígshugsanir eða sjálfsvígstíla-raunir (Ivarsson, Broberg, Arvidsson og Gillberg, 2005; Kaltiala-Heino, Rimpela, Marttunen, Rimpela og Rantanen, 1999; Kumpulainen o.fl., 1998; Nansel o.fl., 2001). Einnig hafa rannsóknir sýnt að bæði gerendur og þolendur eineltis kvarta frekar um líkamlega kvilla og telja sig hafa minni ánægju af lífinu (Due og fél., 2005; Forero, McLellan, Rissel og Bauman og fél., 1999; Williams, Chambers, Logan og Robinson og fél., 1996; Wolke og fél., 2001). Þó að lág prósentutíðni eineltis á Íslandi sé vissulega tilefni til ánægju og bjartsýni má ekki gleyma því að á bak við lágar tíðnitölur eru engu að síður fá börn sem þjást mikið.

Abstract

Bullying and the relationship with family and friends amongst students in the 6th, 8th and 10th grades in compulsory school.

Bullying is a serious problem in schools the world over. In recent years studies have increased our knowledge of both short- and long-term consequences of such actions for the victims. The objective of the current study is to use data from the HBSC study (Health Behaviors in School-Aged Children) to accurately analyse the prevalence and forms of bullying amongst male and female students in the 6th, 8th and 10th grades in Iceland. We also looked at the relationship between bullying and ease of communication with family and friends.

Material and methods: The current paper made use of data collected for the Icelandic part of the HBSC-study. Standardized questionnaires were answered by all students in the 6th, 8th and 10th grades who attended school on a given day in February 2006. Of a total of 13,384 students in these age groups in Iceland, answers were received from 11,813 or 88.3% of the students. The current study analyses questions pertaining to bullying, as well as ease of communication with family and friends.

Results: Of the 11,565 students that responded to questions on bullying, 1,020 (8.8%) claimed to be victims, bullies or both. In total, 10.4% of boys had experience of bullying, but 5.7% of girls. Boys also bullied other students more often than girls, 4.4% versus 1.7%, respectively. The pattern of bullying changed with age. Victims of bullying became relatively fewer with increasing age, whilst the number of bullies increased. A much higher proportion of students that are both bullies and victims have no contact with their fathers or mothers. Victims are less likely to have a best friend, whereas bullies are most likely to have a best friend. Communication with fathers is more strained amongst students that are either bullies or victims, whereas bully/victims seem

to have the easiest communications. In general, communication with stepfathers is worse than with biological fathers, and more so amongst victims than other groups. Those students that are neither bullies or victims have the easiest communications with both mothers and stepmothers, although the quality of the latter is rated substantially lower.

Discussion: The results of the current study are similar to other new studies in Iceland. Bullying is not as frequent in Iceland as in many other countries. Boys are more likely to be victims of bullying, but are also more likely to bully others. Bully-victims decrease in numbers with increasing age, but the reverse is true of bullies. We see that the ease of communication with family and friends correlates negatively with bullying. Those involved in bullying, both the bullies and the victims on the receiving end, are less likely to report easy communications and are more likely to be parts of a stepfamily. However, our results seem to indicate that bullies have strong relationships with both friends and family. Even if the relatively low prevalence of bullying in Iceland is a welcome result, we should not forget that behind those low percentages are children in great distress.

Heimildaskrá

- Björkquist, K., Ekman, K. og Lagerspetz, K. M. J. (1982). Bullies and victims: Their ego picture, ideal ego picture and normative ego-picture. *Scandinavian Journal of Psychology*, 23(4), 307-313.
- Boulton, M. J. og Smith, P. K. (1994). Bully/victim problems in middle school children: Stability, self-perceived competence, peer perceptions and peer acceptance. *British Journal of Developmental Psychology*, 12, 315-329.
- Boulton, M. J., Trueman, M., Chau, C., Whitehand, C. og Amatya, K. (1999). Concurrent and longitudinal links between friendship and peer victimization: Implications for befriending interventions. *Journal of Adolescence*, 22(4), 461-466.
- Craig, W. M. (1998). The relationship among bullying, victimization, depression, anxiety, and aggression in elementary school children. *Personality and Individual Differences*, 24(1), 123-130.
- Currie, C., Gabhainn, S. N., Godeau, E., Roberts, C., Smith, R., Currie, D. o.fl. (2008). *Inequalities in young people's health: HBSC international report from the 2005/2006 survey*. Kaupmannahöfn: WHO Regional Office for Europe.
- Currie, C., Samdal, O., Boyce, W. og Smith, B. (2001). *Health Behaviour in School-Age Children: A WHO Cross-National Study. Research Protocol for the 2001/2002 Survey*. Edinburgh: Child & Adolescent Health Research Unit.
- Due, P., Holstein, B. E., Lynch, J., Diderichsen, F., Gabhainn, S. N., Scheidt, P. o.fl. Bullying and symptoms among school-aged children: international comparative cross sectional study in 28 countries. *European Journal of Public Health*, 15(2), 28-32.
- Fekkes, M., Pijper, F. I. M. og Verloove-Vanhorick, S. P. (2005). Bullying: who does what, when and where? Involvement of children, teachers and parents in bullying behavior. *Health Education Research*, 20(1), 81-91.
- Forero, R., McLellan, L., Rissel, C. og Bauman, A. (1999). Bullying behaviour and psychosocial health among school students in New South Wales, Australia: Cross sectional survey. *British Medical Journal*, 319(7206), 344-8.

- Gegn einelti. 2009. Olweusarverkefnið gegn einelti. <http://olweus.is>, sótt 21. september 2009.
- Harel, Y. (1999). A cross-national study of youth violence in Europe. *International Journal of Adolescent Medicine and Health*, 11, 121–134.
- HBSC. (2009). *Health Behaviour in School-Aged Children: A World Health Organization Collaborative Cross-National Study*. www.hbsc.org, sótt 1. september 2009.
- Hodges, E. V. E., Malone, M. J. og Perry, D. G. (1997). Individual risk and social risk as interacting determinants of victimization in the peer group. *Developmental Psychology*, 33(6), 1032–1039.
- Hugh-Jones, S. og Smith, P. K. (1999). Self-reports of short- and long-term effects of bullying on children who stammer. *The British Journal of Educational Psychology*, 69(2), 141–158.
- Ivarsson, T., Broberg, A. G., Arvidsson, T. og Gillberg, C. (2005). Bullying in adolescence: Psychiatric problems in victims and bullies as measured by the Youth Self Report and the Depression Self-Rating Scale. *Nordic Journal of Psychiatry*, 59(5), 365–73.
- Kaltiala-Heino, R., Rimpela, M., Marttunen, M., Rimpela, A. og Rantanen, P. (1999). Bullying, depression, and suicidal ideation in Finnish adolescents: School survey. *British Medical Journal*, 319(7206), 348–51.
- King, A., Wold, B., Smith, C. T. og Harel, Y. (1996). *The Health of Youth. A Cross-National Survey*. Edinburgh: WHO Regional Publications.
- Kumpulainen, K., Räsänen, E. K., Henttonen, I., Almqvist, F., Kresanov, K., Linna, S. L. o.fl. (1998). Bullying and psychiatric symptoms among elementary school-age children. *Child Abuse & Neglect*, 22(7), 705–17.
- Molcho, M., Harel, Y. og Lash, D. (2004). The co-morbidity of substance use and youth violence among Israeli school children. *International Journal of Adolescent Medicine and Health*, 16, 223–251.
- Nansel, T. R., Overpeck, M. D., Haynie, D. L., Ruan, W. J. og Scheidt, P. C. (2003). Relationships between bullying and violence among US youth. *Archives of Pediatric and Adolescent Medicine*, 157(4), 348–353.
- Nansel, T. R., Overpeck, M. D., Pille, R. S., Ruan, W. J., Simons-Morton, B. G. og Scheidt, P. (2001). Bullying behavior among U.S. youth: Prevalence and association with psychological adjustment. *JAMA*, 285(16), 2094–100.
- Olweus, D. (1989). Prevalence and incidence in the study of antisocial behavior: Definitions and measurement. Í M. Klein (ritstjóri), *Cross-national research in self-reported crime and delinquency* (bls. 187–201). Dordrecht, Holland: Kluwer.
- Olweus, D. (1991). Bully/victim problems among school children: Some basic facts and effects of a school-based intervention program. Í D. Pepler og K. Rubin (ritstjóri). *The development and treatment of childhood aggression* (bls. 411 – 448). Hillsdale, NJ: Erlbaum.
- Olweus, D. (1993a). *Bullying at school: What we know and what we can do*. Oxford: Blackwell.

- Olweus, D. (1993b). Victimization by peers: Antecedents and long-term outcomes. Í K. H. Rubin og J. B. Asendorf (ritstjóri), *Social withdrawal, inhibition, and shyness in childhood* (bls. 315-341). Hillsdale, N. J.: Erlbaum.
- Olweus, D. (1994). Bullying at school: Basic facts and effects of a school based intervention program. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 35, 1171–1190.
- Pepler, D. J. og Craig, W. M. (1995). A peek behind the fence: Naturalistic observations of aggressive children with remote audiovisual recording. *Developmental Psychology*, 31(4), 548–553.
- Pepler, D. og Craig, W. M. (2000). *Making a difference in bullying*. Toronto: York University.
- Pepler, D. J., Craig, W. M. og Connolly, J. (1997). *Bullying and victimization: The problems and solutions for school-aged children*. Factsheet prepared for the National Crime Prevention Council of Canada.
- Ragnar F. Ólafsson, Ragnar P. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson (1999). *Umfang og eðli eineltis í íslenskum grunnskólum*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Rigby, K. (1993). School children's perceptions of their families and parents as a function of peer relations. *The Journal of Genetic Psychology*, 154(4), 501-513.
- Rigby, K. (2002). *New perspectives on bullying*. London & Philadelphia: Jessica Kingsley.
- Rigby, K. og Slee, P. T. (1993). Dimension of interpersonal relating among Australian school children and their implications for psychological well-being. *The Journal of Social Psychology*, 133(1), 33-42.
- Ross, D. M. (1996). *Childhood bullying and teasing: what school personnel, other professionals, and parents can do*. Alexandria, VA: American Counseling Association.
- Schwartz, D., Proctor, L. J. og Chien, D. H. (2001). The aggressive victim of bullying: Emotional and behavioral dysregulation as a pathway to victimization by peers. Í J. Juvonen og S. Graham (ritstjóri), *Peer harassment in school: The plight of the vulnerable and victimized* (bls: 147–174). New York: Guilford.
- Sharp, S. (1995). How much does bullying hurt? The effects of bullying on the personal well-being and educational progress of secondary aged students. *Educational and Child Psychology*, 12, 81-88.
- Smith, P. K., Cowie, H., Ólafsson, R. F. og Liefvooghe, A. (2002). Definitions of bullying: A comparison of terms used, and age and gender differences, in a fourteen-country international comparison. *Child Development*, 73(4), 1119-1133.
- Smith, P. K., Shu, S. og Madsen, K. K. (2001). Characteristics of victims of school bullying. Developmental changes in coping strategies and skills. Í J. Juvonen og S. Graham (ritstjóri), *Peer harassment in school: The plight of the vulnerable and victimized* (bls 332-352). New York: The Guilford Press.

- Solberg, M. E. og Olweus, D. (2003). Prevalence estimation of school bullying with the Olweus Bully/Victim Questionnaire. *Aggressive Behavior*, 29(3), 239–68.
- Unnever, J. D. og Cornell, D. G. (2003). Bullying, Self-Control, and ADHD. *Journal of Interpersonal Violence*, 18(2), 129–147.
- Volk, A., Craig, W. M., Boyce, W. og King, M. (2006). Adolescent risk correlates of bullying and different types of victimization. *International Journal of Adolescent Medicine and Health*, 18(4), 575–86.
- Warden, D. og Mackinnon, S. (2003). Prosocial children, bullies and victims: An investigation of their sociometric status, empathy and social problem-solving strategies. *British Journal of Developmental Psychology*, 21(3), 367–385.
- Williams, K., Chambers, M., Logan, S. og Robinson, D. (1996). Association of common health symptoms with bullying in primary schoolchildren. *British Medical Journal*, 313(7048), 17–9.
- Wolke, D., Woods, S., Bloomfield, L. og Karstadt, L. (2001). Bullying involvement in primary school and common health problems. *Archives of Disease in Childhood*, 85(3), 197–201.

Um höfundana

Ársæll M. Arnarsson hefur kennt sálfræði við Háskólann á Akureyri frá árinu 2007. Áður starfaði hann hjá alþjóðlegum lyfjafyrirtækjum, auk þess að vera stundakennari við Læknadeild í fjórtán ár. Hann lauk B.A.-prófi í sálfræði við Háskóla Íslands 1993, meistaraþrófi í heilbrigðisvísindum 1997 og

doktorsprófi í líf- og læknávisindum árið 2009 frá sama skóla. Hann er meðhöfundur að rúmlega 100 bókarköflum, tímaritsgreinum og erindum um margvísleg efni. Tölvupóstfang: aarnarsson@unak.is

Þóroddur Bjarnason er prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri. Hann var áður lektor við University at Albany (SUNY). Þóroddur lauk B.A.-prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 1991, meistaraþrófi í gagnagreiningu félagsvísinda frá University of Essex árið 1995 og svo doktorsprófi í félagsfræði frá University of Notre Dame árið 2000. Hann er meðhöfundur fjölda vísindagreina um heilsu og líf skjör barna og unglinga. Tölvupóstfang: thorodd@unak.is

About the authors

Ársæll M. Arnarsson has taught psychology at the University of Akureyri since 2007. Prior to that he worked for international pharmaceutical companies, as well as being a lecturer at the Faculty of Medicine at the University of Iceland for 14 years. He completed his B.A. degree in psychology from the University of Iceland in 1993, and a masters degree in health sciences from the same school four years later. He is the co-author of over 100 chapters, articles and presentations on various scientific topics. E-mail address: aarnarsson@unak.is

Þóroddur Bjarnason is a professor of sociology at the University of Akureyri. Prior to that he was an assistant professor at the University at Albany (SUNY). Bjarnason completed a B.A. degree in sociology from the University of Iceland in 1991, a masters degree in social science data analysis from the University of Essex in 1995, and a Ph.D. degree in sociology from the University of Notre Dame in 2000. He has written extensively on health and the behaviour of school-aged children. E-mail address: thorodd@unak.is